

49. fundur Íslensku Vatnafræðinefndarinnar – fundargerð

Fundartími: Kl. 11:30–13:00 fimmtudaginn 18. október 2012

Fundarstaður: Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9

Mættir voru: Árni Snorrason (Veðurstofa Íslands), Kristinn Einarsson (Orkustofnun), Magnús Jóhannsson (Veiðimálastofnun), Jórunn Harðardóttir (Veðurstofa Íslands), Þóra Ellen Þórhallsdóttir (Háskóli Íslands) Gunnar Steinn Jónsson (UST) og Eygerður Margrétardóttir (Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar).

Mættu ekki: Hrund Andradóttir (Háskóli Íslands) og Óli Grétar Sveinsson Blöndal (Landsvirkjun).

Auglýst dagskrá fundarins:

1. UNESCO málefni – Council fundur í vor
2. WMO málefni
 - a. Commission for Hydrology (CHy)fundur í nóvember 2012 (sjá nánar <http://www.wmo.int/pages/prog/hwrrp/chy/chy14/index.php>)
 - b. Arctic HYCOS
 - c. EC-PORS (sjá nánar <http://www.wmo.int/pages/prog/www/polar/sessions.html>)
 - d. Global Cryosphere Watch
3. Vatnaskóli sameinuðu þjóðanna
4. Indlandssamvinna á sviði jöklafræði
5. Stjórnarbreytingar – sóknarfæri?
6. Önnur mál

-
- 1) **UNESCO málefni.** UNESCO fundur var haldinn í vor og Jórunn/Árni útbúa kynningu á honum fyrir næsta fund ÍVAN. Svíar eru í Council en Norðurlandsþjóðirnar skiptast á að sitja þar. Mikill kraftur var áður í íslensku UNESCO nefndinni en virkni Íslendinga hefur dalað. Þóra Ellen vakti athygli á því hvort að ekki ætti að fá fund með íslensku UNESCO nefndinni, þ.e.a.s. að fá kynningar á báða bóga. Jórunn sér um að tala við tengilið til að undirbúa fund.
 - 2) **WMO málefni.** Ákveðið hefur verið að skipa málum á annan hátt en verið hefur og hefur ein sameiginleg nefnd verið sett á laggirnar um veður og vatn. Sú breyting er að skila betri umræðu um vatn.
 - a) **Commission for Hydrology (CHy).** Jórunn fer á fund 5. nóvember næstkomandi og mun útbúa kynningu af helstu niðurstöðum hans fyrir næsta fund ÍVAN, sjá nánar: <http://www.wmo.int/pages/prog/hwrrp/chy/chy14/index.php>.
 - b) **Arctic HYCOS.** Arctic HYCOS fundur var haldinn í mars 2012, en verkefnið gengur m.a. út á það að búa til sameiginlegt gagnanet um vatn fyrir arktísku löndin. Treglega gengur þó að fá Rússa í samstarf. Umræður um verkefnið eru á dagskrá CHy fundarins í nóvember.
 - c) **EC-PORS.** Heimskautaverkefnið öðlast sífellt meiri athygli og nú er svo komið að hinar ýmsu þjóðir vilja taka þátt. Árni hefur unnið að styrkingu vatnafræða innan heimskautaverkefna. Mikilvægt er að hafa vatnafræðing í nefndinni þar sem flestar stóru spurningarnar í kringum loftslagsbreytingar snúast í raun á einhvern hátt um vatn.
 - d) **Global Cryosphere Watch (GCW).** EC-PORS heldur utan um GCW. CryoNet á að vera net af supersites í „cold climate regions“. Hugsanlegt að búa til supersite hérlendis – notað til að koma upp langtímamarkmiðum um jöklafræðingir sem og til að styrkja stöðu okkar inn í

ESB. Þá er komin strategía sem hugar að öllu í kringum eftirlitsmælingar á jöklum. Höfum sérstöðu hérlendis að mörgu leiti t.a.m. hvað varðar jöklafræði, landmótunarfræði, þróun vistkerfa o.fl. Rannsóknarverkefnið SVALI um jökla og jöklatatnafræði er í gangi eins og er, en hugsa þarf „exit strategy“ fyrir SVALA til að halda áfram samvinnu. Í tengslum við SVALA er nú þegar komið á formlegu samstarfi um norrænan jöklafræðiskóla, og er Helgi Björnsson tengiliður hérlendis. Sömuleiðis er mikilvægt að þær norrænu stofnanir sem stunda afkomumælingar jökla og aðrar jöklafræðiskólar hafi formlegt samkomulag og skili saman stöðu fyrir IPCC og GCW.

- e) **Vatnaskóli Sameinuðu þjóðanna.** Nú er búið að samþykkja jafnréttisskóla innan Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem staðsettur er á Íslandi. Til tals hefur komið að koma vatnamálum fyrir inni í Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en í stjórn hans situr nú m.a. Zafar Adeel sem stýrði vatnaskóla í Kanada (UNU-INWEH) og var formaður UN-Water. Hugsanlegt er að Íslenska vatnafræðinefndin gæti tekið að sér ákveðna greiningarvinnu um kosti og galla við þetta skipulag. Verið er að klára skipulag um „regnhlífarsamtök“ fyrir Háskóla Sameinuðu þjóðanna hérlendis en það myndi hjálpa til við háskólasamstarfið.
- f) **Indlandssamvinna á sviði jöklafræði.** Sagt var frá Indlandssamvinnu á sviði jöklafræði þar sem m.a. nemendur frá Indlandi hafa komið til Íslands og hlotið menntun hér á sviði jöklafræði og verið með í jöklafræðingafélagum. Hægt væri að beina slíkri samvinnu inn í hugmyndir um framtíðar Landgræðslu-/vatnaskóla Sp.
- g) **Stjórnarbreytingar – sóknarfæri?** Breytingar í umhverfis- og auðlindaráðuneyti eru komnar upp á borðið þar sem Hafró er ekki með undir ráðuneytinu en Ísor er komið undir ráðuneytið sem og VMST. Mikill styrkur er að fá stofnanir inn í nýtt ráðuneyti sem hafa langa reynslu í auðlindarannsóknum af ýmsu tagi. Aukin samvinna – aukin tækifæri.
- h) **Önnur mál.**

a) Rætt var um að hittast oftast en tíðkast hefur undanfarið.

b) Rætt um flóðatilskipun. Tilskipunin gengur út á að átta sig á flóðahættu, meta áhættuna og setja upp viðbragsáætlanir. Tilskipunin nær einnig yfir jökulhlaup en eftir eldgosin var ákveðið að ofanflóðasjóður tæki að sér hættu- og áhættumat á eldgosum og þar inni eru jökulhlaupin. Athuga skal að í flóðatilskipun eru flóð skoðuð í byggð en við þurfum að gera ráð fyrir ferðamönnum sem ferðast um allt land. Sótt var í landsbyggðaráætlun vegna sjávarflóða á Vestfjörðum. Verkefnið snýst um að taka saman gögn um sjávarflóð og setja upp áætlun fyrir líkanakeyrlur. Smá spurning hvers vegna NVE vilja ekki að Norðmenn taki upp flóðatilskipun.

c) IPA styrkir. Styrkirnir verða notaðir til að hjálpa okkur við að innleiða Vatna- og flóðatilskipun. Peningarnir fara í Lidar kortlagningu, umbætur vhm-kerfisins, grunnvatnsmæla, úrkomumæla, stöðvar um lífríkismælingar og líkön til að fylgjast með þessu. Gengur að miklu leyti út á að byggja upp innviði. Heildarupphæð 250 milljónir kr.

c) Loftlagsbreytingar. Þóra Ellen spurði hvort að verið sé að skoða breytingar fljóta, þ.e.a.s. ágang á land (t.d. Hverfisfljót). Landgræðslan bregst við þeim tilvikum sem koma upp við hörfun jökla. Mögulegt að það þyrfti að reyna að sjá þetta fyrir. Ýmis verkefni eru í gangi með OS, LV og Vegagerðinni. Erum varla byrjuð á aðlögunarhlutanum gagnvart loftslagsbreytingum. Urban Water verkefni var unnið í fyrra (Impacts of Climate Change on Wastewater Systems in Reykjavík, Ásta Ósk Hlökkversdóttir, <http://hdl.handle.net/1946/9878>) og þá má nefna hugmyndir um blágrænar borgir sem kynntar voru á málþingi fyrr á árinu

http://www.urridaholt.is/itarefni/malthing_23_april_2012.

Fundi slitið kl. 13:00

Áætlað er að halda næsta fund 5. desember nk. kl. 11:30.